SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu

101 REYKJAVÍK

Reykjavík 8. mars 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga og frumvarp til laga um dreifingu vátrygginga

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga og frumvarps til laga um dreifingu vátrygginga sem birt hafa verið til umsagnar á samráðsgátt stjórnarráðsins. Með frumvörpunum eru innleidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar um dreifingu vátrygginga nr. 2016/97/ESB. Eftirfarandi eru athugasemdir SFF.

12. gr. frumvarps til laga um dreifingu vátrygginga
Starfsábyrgðartrygging vátryggingamiðlara og aðila sem dreifa vátryggingu sem aukaafurð

2. mgr.
Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins skal vátryggingamiðlari og aðili sem dreifir vátryggingu sem aukaafurð hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi þeirra eða starfsmanna þeirra. Samkvæmt 2. mgr. þá skal starfsábyrgðartrygging vátryggingamiðlara vera að lágmarki að jafnviði 1,25 milljónum evra í íslenskum krónum fyrir hverja kröfu og að jafnviði 1,85 milljónum evra í íslenskum krónum fyrir allar kröfur. SFF gera athugasemd við það að hér er ekki nægilega skýrt að átt er við vátryggingarfjárhæðir. Einnig þarf að skýra betur hvað hvað er átt við með „ að jafnviði 1,85 milljónum evra fyrir allar kröfur“. Taka þarf fram hvort hér er átt er við fyrir allar kröfur vegna sama vátryggingaratburðar eða allar kröfur á vátryggingartímabilinu.

4. mgr.
Samkvæmt 4. mgr. 12. gr. skal vátryggingamiðlari birta upplýsingar um það á vef sínum hjá hvaða vátryggingafélagi hann hefur starfsábyrgðartryggingu. Hér er um að ræða nýmæli sem er ekki í samræmi við tilskipunina. SFF vilja benda á að samkvæmt 1. mgr. 12. gr. þá getur slík trygging, sem vátryggingamiðlara eða aðila sem dreifa vátryggingu sem aukaafurð er skylt að hafa, verið vátrygging tekin hjá vátryggingafélagi eða önnur trygging jafngild að mati Fjármálaeftirlitsins. SFF telja rétt að kjósi vátryggingamiðlari að hafa aðra tryggingu sem telst jafngild vátryggingu sem tekin er hjá vátryggingafélagi verði einnig skylt að birta upplýsingar um það á heimasíðu.

4. tl. 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga og 3. tl. 3. gr. frumvarps til laga um dreifingu vátrygginga
Dreifing vátrygginga

Skilgreiningar á hugtakinu *dreifing vátrygginga* í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga og frumvarpi til laga um dreifingu vátryggingu eru ekki samhljóða. Samkvæmt a. lið 3. tl. 3. gr. frumvarps til laga um dreifingu vátryggingu er dreifing vátrygginga :

> starfsemi sem felst í að veita ráðgjöf um, gera tillögu um eða undirbúa gerð vátryggingarsamnings.....

Samkvæmt a. lið 4. tl. 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga:

> starfsemi sem felst í að kynna, gera tillögu um eða undirbúa gerð vátryggingarsamnings,...

Samkvæmt tilskipuninni sem verið er að innleiða þá er notast við orðalagið *the activities of advising....* því er rétt að nota orðalagið sem er í frumvarp til laga um dreifingu vátrygginga, þ.e. að veita ráðgjöf.

Um 3. tl. 3. gr. frumvarps til laga um dreifingu vátryggingu, segir í greinargerð að dreifing vátrygginga sé nýtt hugtak og kemur í stað þess orðalags að miðla vátryggingum. Dreifing er samkvæmt athugasemdum í greinargerð víðtækara hugtak en miðlun vátrygginga og nær yfir þá starfsemi sem felst í ráðgjöf um, gera tillögu um eða undirbúa gerð vátryggingarsamnings, gera slíkan samning, eða aðstoða við umsýslu eða efndir samningsins. Í greinaðgerðina væri gott að hafa umfjöllun um hvað fellur undir hugtakið *dreifing vátrygginga.* SFF telja mikilvægt að í greinargerð verði umfjöllun um hvar neðri mörk hugtaksins liggja til að koma í veg fyrir að ákvæðið verði túlkað á þann veg að aðilar sem ættu ekki eðli málsins samkvæmt að falla þarna undir falli þar undir. Mikilvægt er að ekki sé litið svo á að lítil snertingu við viðskiptavini t.d. þjónustráðgjafi í símaveri eða fyrirtæki sem bendir á tiltekið vátryggingafélag án þess þó að veita ráðgjöf um tryggingar falli undir hugtakið *dreifing vátrygginga.* SFF leggja til að í greinargerð verði hugtakið skýrt nánar og dæmi tekin um hvað getur fallið þar undir og hvað er undanskilið.

8. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga
Formskilyrði við upplýsingagjöf.

Tæknibreytingar síðusta ára fela ekki aðeins í sér að fólk er stöðugt nettengt og gengur um með snjalltæki, heldur er um að ræða byltingu sem felur í sér straumhvörf í gagnaöflun, gagnagreiningu og því samhliða umbyltingu á viðskiptasambandi einstaklinga og fyrirtækja og þar með neytendamynstri. Löggjafinn og eftirlitsaðilar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þeirri tæknibyltingu sem nú á sér stað og mikilvægt er að tryggja að bæði neytendur og vátryggingafélög njóti góðs af þeirri þróun sem á sér stað. Mikilvægt er að tryggja að löggjöf standi ekki í vegi fyrir þróun í átt að auknum rafrænum viðskiptum á vátryggingamarkaði.

SFF fagna því að stigið er skref í átt að því samskipti vátryggingafélaga við viðskiptavina sína, hvort sem er varðandi samþykki, uppsagnir, tilkynningar, beiðnir og fyrirspurnir geti verið rafræn. Það er hins vegar ekki skýrt í frumvarpinu að fyrsta snerting vátryggingafélags og viðskiptavinar geti verið rafræn. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. er heimilt að veita upplýsingar á varanlegum miðli öðrum en pappír ef það er viðeigandi vegna viðskiptanna og vátryggingartaki velur að fá upplýsingarnar með þeim hætti. Hægt er að skilja málsgreinina á þann hátt að upplýsingar geti aðeins verið afhentar á varanlegum miðli öðrum en pappír ef fyrir liggur samþykki viðskiptavinar. Hér þarf að taka fram í greinargerð að heimilt er að veita upplýsingar á rafrænu formi án þess að sérstakt samþykki þurfi að liggja fyrir. Meginregla sé því að samskipti séu rafræn en að viðskiptavinur geti farið fram á að upplýsingar séu afhentar með pappír.

13. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga
12. gr. c. Vátryggingarskírteini

Í 13. gr. frumvarpsins sem verður 12. gr. laganna er í 12. gr. c. að finna ákvæði um vátryggingarskírteini. Ákvæðið er nær samhljóða 10. og 70. gr. gildandi laga. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. c. skal félagið afhenda vátryggingartaka skírteini til staðfestingar á því samningur sé kominn á og vísa til skilmála hans. Í

athugasemdum um II. kafla laga um vátryggingarsamninga, þar sem núgildandi 10 .gr. laganna er, kemur eftirfarandi fram um rafræn viðskipti og afhendingu vátryggingarskírteina:

> Rétt er að taka af allan vafa um að ákvæði frumvarpsins takmarka ekki rétt vátryggingafélaga og vátryggingartaka til þess að nýta sér þá samskiptatækni sem almennt er á boðstólum. **Þannig kemur ekkert í veg fyrir að samskipti vátryggingartaka og vátryggingafélags megi fara fram með rafrænum hætti, t.d. með sendingu á tölvupósti á milli aðila, enda gefi vátryggingartaki sérstakt samþykki sitt fyrir slíkum samskiptamáta.**

Samkvæmt núgildandi lögum hefur verið litið svo á að afhending vátryggingarskírteinis geti einungis verið á rafrænu formi ef fyrir liggur sérstakt samþykki vátryggingartaka.

SFF telja að þegar litið er til orðalags 8. gr. frumvarpsins um að heimilt er að veita upplýsingar á varanlegum miðli öðrum en pappír ef það er viðeigandi vegna viðskiptanna geti afhending vátryggingaskírteinis verið á rafrænu formi. Mikilvægt er þó að skýrt sé tekið fram í greinargerð að ekki þurfi að liggja fyrir sérstakt samþykki fyrir slíkum samskiptamáta.

Gildistaka
Samkvæmt 58. gr. frumvarps til laga um dreifingu vátrygginga og 31. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga skulu lögin öðlast þegar gildi.

Hér er um að ræða nokkuð umfangsmiklar breytingar á lögum bæði þær breytingar sem verða með nýjum lögum um dreifingu vátrygginga og þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um vátryggingarsamninga. Breytingarnar kalla á undirbúning hjá vátryggingafélögunum og geta m.a. kallað á breytingar á skilmálum. Nauðsynlegt er að nægur tími sé gefinn fyrir vátryggingafélög og aðra sem falla undir lögin að aðlaga sig að breyttu lagaumhverfi. Samkvæmt framangreindu leggja SFF til að gefin verði a.m.k. 6 mánaða frestur frá því lögin verða samþykkt á Alþingi til gildistöku.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur